

MARKAÐURINN

MIÐVIKUDAGUR 7. JÚLÍ 2021

27. tölublað | 15. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



Upplifðu faglega og persónulega þjónustu

MICHELSEN
1909

Hafnartorg · 511 1900 · michelsen.is

Alvotek skoðar skráningu á Íslandi

2 Líftæknifyrirtækið gæti verið skráð á markað í Kauphöllina hér heima í haust, en áformað er að sækja um 150 til 175 milljónir dala í gegnum hlutfjárútboð.

Hlutabréfasjóðir tvöfaldast að stærð

2 Miklar verðhækkningar á markaði og samfelld innflæði frá fjárfestum þýðir að eignir í stýringu hlutabréfasjóða hafa aukist verulega á aðeins einu ári.

Fasteignaverð hærra en það þyrfti að vera

6 „Sú umgjörð sem yfirvöld hafa mótað fyrir byggingariðnaðinn er óskilvirk, tímafrek og kostnaðarsöm,“ segir forstöðumaður efnahagssviðs SA.

Hækkandi arðsemi uppsjávarfyrirtækja

7 Á síðastliðnum árum hefur verð uppsjávarafurða hækkað langt umfram bolfisktegundir. Stöðug veiði, aukin eftirspurn og breytt vinnsla hefur stuðlað að þróuninni.

Keypt fyrir um 3 milljarða eftir skráningu SVN

7 Lífeyrissjóðirnir Stapi og Festa hafa keypt í Síldarvinnslunni fyrir samanlagt nærri þrjú milljarða króna eftir að útgerðarfélagið var skráð á markað í lok maímánaðar.

Ekki verður aftur snúið

Enn sem komið er hefur ÁTVR ekki náð að kveða niður netverslun sem býður upp á afhendingu samdægurs. Samkeppnisumhverfið gæti gjörbreyst. **Sjá síðu 4**

VÍNBÚÐIN

FRÉTTABLAÐIÐ/EYBÓR

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir á opticalstudio.is
og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND · HAFNARTORG · KEFLAVÍK

Hlutabréfasjóðir hafa nær tvöfaldast að stærð á einu ári

hordur@frettabladid.is

41

Eign heimila í íslenskum hlutabréfasjóðum nam um 41 milljarði króna í lok maí á þessu ári.

Eignir í stýringu íslenskra hlutabréfasjóða námu riflega 123 milljörðum króna í lok maímánaðar og hafa sjóðirnir nær tvöfaldast að stærð á aðeins einu ári. Miklar verðhækkningar á hlutabréfamarkaði – úrvalsvísitalan hefur hækkað um liðlega 50 prósent á tímabilinu – skýra meðal annars þá þróun, en einnig kemur til kraftmikið nettó innflæði fjárfesta og almennings í hlutabréfasjóði að undanfögnu.

Samfellt innflæði hefur þannig verið í slíka sjóði frá því í júní á liðnu ári og uppsafnað frá þeim tíma nemur það meira en 25 milljörðum króna, samkvæmt tölum frá Seðlabanka Íslands.

Eign heimila í hlutabréfasjóðum hefur á sama tíma aukist og meira en tvöfaldast en í lok maí nam hún um 41 milljarði króna, eða sem jafngilti um þriðjung af heildareignum sjóðanna. Fyrir ári nam eign heimilanna í hlutabréfasjóðum hins vegar upp undir 29 prósentum af stærð þeirra. Sama þróun hefur verið uppi með blandaða sjóði en heildar-

eignir í stýringu þeirra hafa aukist um liðlega 29 milljarða á tímabilinu og voru rúmlega 60 milljarðar undir lok maímánaðar. Sú aukning skýrist einkum af miklu nettó innflæði fjárfesta en uppsafnað nemur það meira en 20 milljörðum króna. Stærstu eigendur útgefna hlutdeildarskírteina í blönduðum sjóðum eru heimilin, en hlutdeild þeirra nemur um 69 prósentum og hefur aukist lítillega á undanfögnu ári.

Velta á hlutabréfamarkaði í Kauphöllinni hefur aukist verulega að undanfögnu en á fyrstu sex mánuðum þessa árs var hún um 510 milljarðar. Það jafngildir um 57 prósentu aukningu frá sama tímabili fyrir ári. ■

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLÉLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri **Hörður Egiðsson** hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

Alvotech skoðar tvískráningu á Íslandi og í Bandaríkjunum

Líftæknifyrirtækið gæti verið skráð á markað í Kauphöllina hér heima í haust en áformað er að sækja um 150 til 175 milljónir dala í gegnum hlutfjárútboð. Eiga í viðræðum við Landsbankann og Arion banka sem yrðu þá innlendir ráðgjafar félagsins við skráningarferli Alvotech.

hordur@frettabladid.is

Stjórnendur líftæknifyrirtækisins Alvotech skoða nú alvarlega þann valkost að félagið verði einnig skráð á hlutabréfamarkað á Íslandi samtímis skráningu í kauphöll í Bandaríkjunum næstkomandi haust.

Samkvæmt heimildum Markaðarins horfir félagið til þess að sækja sér um 150 til 175 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði um 18 til 22 milljarða íslenskra króna, með hlutfjárútboði í aðdraganda skráningarinnar, sem yrði þá bæði frá erlendum og innlendum fjárfestum. Sú fjármögnun kæmi til viðbótar við um 250 milljónir dala sem Alvotech hyggst vera búid að tryggja sér frá erlendum fjárfestum í gegnum svonefnt sérhæft yfirtökufélag (e. SPAC) á bandaríska markaðinum.

Áætlað er að tilkynnt verði um skráningaráform Alvotech vestanhafs í næsta mánuði og að áskriftasöfnun vegna hlutfjárútboðsins hefjist á komandi vikum, að sögn þeirra sem þekkja vel til. Stefnt er að skráningu félagsins í annaðhvort bandarísku kauphöllina Nasdaq eða Kauphöllina í New York (NYSE) sem gæti þá orðið að veruleika í október á þessu ári.

Ef áform Alvotech um tvískráningu í Bandaríkjunum og á Íslandi ganga eftir, verða Landsbankinn og Arion banki fengnir sem ráðgjafar við skráningu og hlutfjárútboð hér innanlands, samkvæmt heimildum Markaðarins. Bankarnir vinna nú að því að meta mögulega eftirspurn frá íslenskum stofnana- og fagfjárfestum en ljóst þykir að það fjármagn sem Alvotech hyggst afla sér í gegnum slíkt hlutfjárútboð verður að stærstum hluta frá erlendum fjárfestum.

Forsvarsmenn Alvotech, sem er stýrt af Róberti Wessman, stofn-



Róbert Wessman, stofnandi og stjórnarformaður Alvotech.

MYND/ADSEND

300

Alvotech var verðmetið á um 300 milljarða íslenskra króna þegar hluti erlendra fjárfesta skuldbreytti skuldbréfum sínum í hlutafé í síðasta mánuði.

anda félagsins, sögðust ekki geta tjáð sig um skráningarferlið á þessu stigi málsins.

Upphaflega stóð til af hálfu stjórnenda Alvotech að skrá félagið á markað í Asíu, en horfið var frá því fyrir á árinu og þess í stað einblínt á Bandaríkjamarkað. Þá ákvörðun má einkum rekja til uppgangs sérhæfðra yfirtökufélaga vestanhafs en mörg þeirra einblína á yfirtöku á líftæknifyrirtækjum.

Sú fjármögnun sem Alvotech stefnir að því að safna sér í gegnum slíkt yfirtökufélag, verður á sambærilegu gengi og þegar hluti eignaðar breytanlegra skuldbréfa að fjárhæð 106 milljóna dala nýttu rétt sinn til að breyta þeim bréfum í hlutafé í líftæknifyrirtækinu, sem verðmat það á jafnvirði um 300 milljarða íslenskra króna. Fram-

kvæmd þess útboðs var í höndum Morgan Stanley og Arion banka.

Innlendir fjárfestar, sem eru ekki hluti af stjórnendateymi lyfjafyrirtækisins, komu í fyrsta sinn inn í hluthafahóp Alvotech fyrr í vetur, þegar félagið sótti sér um 100 milljónir dala í lokuðu hlutfjárútboði. Íslensku fjárfestarnir, sem voru Stefni tryggingafélag, Hvalur og Lifeyrissjóður Vestmannaeyja, lögðu Alvotech þá til um 2 milljarða króna sem tryggði þeim liðlega hálf prósent eignarhlut í félaginu.

Alvotech vinnur að þróun sjö líftæknilyfja, þar á meðal hliðstædu-lyfsins Humira, sem er söluhæsta lyf heims. Á næstu árum renna mörg einkaleyfi líftæknilyfja út, sem skapar tækifæri fyrir fyrirtæki á borð við Alvotech til að setja sambærileg lyf á markað. Í viðtali við Markaðinn í síðasta mánuði sagði Róbert að áfangagreiðslur, sem kveðið er á um í þeim fjölda samninga sem Alvotech hefur gert um sölu og dreifingu, geti skilað félaginu allt að 130 milljarða króna tekjum á næstu árum.

Alvotech er í meirihlutaeigu Aztiq Pharma, fjárfestingafélags Róberts. Þá er systurfélagið Alvogen stór hluthafi, en þar eru fyrir fjárfestingasjóðirnir CVC Capital Management og Temasek. ■

Fá seinna greitt frá Rapyd en áður

helgivilf@frettabladid.is

Rapyd (áður Korta) hefur breytt greiðsluskilmálum á þá vegu að fyrirtæki fá seinna greitt en áður. Fyrir breytinguna, sem tilkynnt var viðskiptavinum hinn 22. júní, fékk viðskiptavinur, sem vill ekki láta nafn síns getið, sölu dagsins greidda um morguninn næsta dag en nú berst hún við lok vinnudagsins.

Heimildarmenn Markaðarins, sem koma úr nokkrum áttum, segja að þessar tafir komi sér illa fyrir lítil fyrirtæki sem treysti á að nýta umrædda fjármuni til að standa straum af kostnaði. Svör frá Rapyd vegna málsins höfðu ekki borist við vinnslu fréttarinnar. Í bréfi til viðskiptavina sagði Rapyd að breytingin hefði ekki í för með sér mikla röskun á starfsemi viðskiptavina, að því er heimildir herma. Rapyd keypti Valitor af Arion banka á dögunum.

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðabjónustunnar, segist ekki þekkja

”

Við teljum óásættanlegt að kortafyrirtækin taki upp á því einhliða að halda eftir hluta af greiðslum sem gerðar eru þegar þjónusta hefur verið veitt.

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðabjónustunnar.

til atviksins sem um ræðir. Aftur á móti hafi verið „urgur“ í hans fólki með einhliða skilmálabreytingar hjá færsluhirðum í fyrra þegar Covid-19 heimsfaraldurinn hófst. Færsluhirðar hafi skyldum að gegna gagnvart þeim sem selji vöru eða þjónustu og kortafyrirtækjunum. Slík fyrirtæki þurfi að vera undir

það búin að viðskiptavinir fari fram á endurgreiðslu við kortafyrirtæki til dæmis ef þjónusta sé ekki innt af hendi af einhverjum ástæðum.

„Við teljum óásættanlegt að kortafyrirtækin taki upp á því einhliða að halda eftir hluta af greiðslum sem gerðar eru þegar þjónusta hefur verið veitt. Það mætti líkja þessu við að kaupa pott af mjólk í matvöruverslun og greiða með korti en færsluhirðirinn lætur ekki alla greiðsluna af hendi fyrr en eftir fjórar vikur,“ segir Jóhannes Þór.

Hann segir eðlilegt að færsluhirðar taki til hliðar hluta af fjárhæðinni þegar greitt er fyrirfram, sá möguleiki sé fyrir hendi að af viðskiptunum verði ekki og viðskiptavinir krefjist endurgreiðslu. „En þegar fólk mætir á hótél, gistir í tveir nætur og greiðir fyrir í posa með pin-númeri þá er augljóslega búid að afhenda vöruna. Færsluhirðar sjá þegar pin-númer hefur verið slegið inn og því ætti ekki að vera neitt vandamál til staðar,“ bætir hann við. ■

Kaup, sala og samruni fyrirtækja.

- Verðmat
- Ráðgjöf og undirbúningur fyrir sölumeðferð
- Milliganga um fjármögnun
- Samningagerð

KONTAKT
FYRIRTÆKJARÁÐGJÖF

kontakt@kontakt.is | 414 1200 | www.kontakt.is



Birt með fyrirvara um mynd- og textabreytingu. Billaðó Benna áskilur sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara.

Lífið er leikur.

Nú fylgir **veglegur aukahlutapakki** með Porsche Cayenne í takmarkaðan tíma. Pakkinn eykur við sportlegt útlit bílsins með 21" álfelgum, samlitum brettaköntum, svörtum háglans gluggalistum, lituðu gleri og sportlegum púststútum. Til að fullkomna pakkann er lúxus leðurinnrétting - á sætum, hurðaspjöldum og mælaborði. Einnig fylgir 360° myndavélakerfi og Bose hljómflutningstæki.

Þessi veglegi aukahlutapakki að verðmæti 2.000.000 kr., fæst nú á aðeins 990.000 kr.

Porsche Cayenne E-Hybrid Plug-In.

Tilboðsverð m/pakka: 15.980.000 kr.

Hestöfl: 462 | Hámarkstog: 700 Nm | Hröðun: 5.0 sek. 0-100 km.klst



PORSCHE



Porsche á Íslandi | Krókhálsi 9 | 110 Reykjavík | S: 590 2000 | benni.is | porsche.is | Opið virka daga frá 9:00 til 18:00 og laugardaga frá 12:00 til 16:00



Áfengissala ÁTVR í júní nam um 2.365 þúsundum lítra í samanburði við 2.400 þúsundir lítra árið 2020, sem er um 1,5 prósentis minnkun í sölu á milli ára.

ÁTVR í vandræðum með nýja samkeppni



Þorsteinn Friðrik Halldórsson
thorsteinn
@frettabladid.is

ÁTVR horfir fram á gjörbreytt samkeppnisumhverfi ef netverslanir geta afhent áfengi beint til neytenda af innlendum lager. Tilraunir ríkisfyrirtækisins til að koma í veg fyrir slíka starfsemi hafa enn ekki skilað árangri.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins gæti séð fram á harða samkeppni á næstu árum jafnvel þó að lagafrumvörp sem miða að auknu frjálsræði í sölu áfengis nái ekki fram að ganga. Enn sem komið er hefur ríkisfyrirtækið ekki náð að kveða niður netverslun sem býður upp á afhendingu samdægurs og lægra verð, og eftir því sem tíminn líður verður æ líklegra að fleiri fyrirtæki fylgi í kjölfarið.

Franska fyrirtækið Santewines SAS, sem er í eigu Arnars Sigurðssonar, opnaði í byrjun maí netverslunina sante.is þar sem viðskiptavinir geta keypt áfengi og fengið það

afhent af lager hér á landi um leið og kaupin hafa átt sér stað. Þannig gat almenningur í fyrsta sinn keypt áfengi af innlendum vörulager án milligöngu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

ÁTVR brást hart við framtakinu og lagði fram kröfu um lögbann á starfsemi auk þess að kæra til lögreglu. Frá því var greint um miðjan maí og í ljósi þess að lögbannskröfur eru aðgerðir til bráðabirgða virðist því sem ríkisfyrirtækið hafi ekki haft erindi sem erfiði. Sömuleiðis virðist ákærusvið lögreglu ekki hafa talið lagagrundvöll til inngripa.

Í byrjun júní tilkynnti ÁTVR starfsemi Sante til Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu og krafðist þess að hafið yrði áminningarferli vegna meintra brota Sante sem gæti endað með leyfissviptingu ef fyrirtækið yrði „uppvíst að frekari vanrækslu“.

„Einokunarverslun er rekstur sem byggir á valdböði,“ segir Arnar Sigurðsson, eigandi Santewines.

„Því kemur ekki á óvart að stofnunin leitaði eftir liðsinni frá lögreglu og síðan sýslumanni til að ná nýfengnu valfrelsi af almenningi sem vill haga sinni verslun eftir eigin hentugleika en ekki einokunarinnar.“

Fram kom í rökstuðningi ÁTVR að brýnt væri að sporna strax við þessari starfsemi í ljósi þess að aðrir áfengisbirgjar fylgdust grannt með viðbrögðum hins opinbera og þeir væru reiðubúnir að fylgja í kjölfarið. Haft var eftir forsvarsmanni stórs áfengisinnflytjanda að hann myndi fara sömu leið ef yfirvöld myndu ekki bregðast við.

Íslenska félagið Sante ehf. flytur inn áfengi í eigin nafni, selur það til franska félagsins Santewines SAS sem síðan selur það áfram til neytenda í gegnum vefverslunina sante.is. Áfengið er svo afgreitt beint af lager í húsnæði Sante ehf., á svokölluðum dropp stöðum eða sent heim.

Viðskiptin við hið erlenda félag eru að mati ÁTVR „augljós mála-



ÁTVR hefur lýst þeirri afstöðu sinni að starfsemi vefverslanna standist ekki lög og æskilegt væri að fá staðfestingu dómstóla á því.

Úr svari ÁTVR.

myndagerningur“, að því er kemur fram í tilkynningunni sem var send sýslumanni. Augljóst sé að varan yfirgefi ekki lager leyfishafans, Sante ehf., áður en hún er afhent neytendum.

„Það er fálmennt að hengja sig á aukaatriði,“ segir Arnar Sigurðsson. „Þeir sem hafa leyfi til að framleiða eða flytja inn vín í atvinnuskyni undirgangast skilyrði sem sett eru í áfengislögum og þar stendur skýrt og skorinort að við megum selja áfengi úr landi. Í ákvæðinu er ekki minnst á afhendingu og hvernig er fjallað um lagerhald.“

„Þess má geta,“ bætir Arnar við, „að allar vörur sem einokunarfélagið sjálft selur, millilenda líka í íslenskum vöruhúsum og því alls endis óskiljanlegt hvernig slíkt geti varðað við lög.“

Arnar bendir á að ÁTVR hafi um nokkurt skeið og „óafvitandi“ búið við samkeppni frá erlendum netverslunum.



FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR

„Sú eina breyting sem varð á, að því er varðar hagsmuni einokunar-risans, var að neytendum stendur nú til boða þjónusta sem ÁTVR getur ekki keppt við og getur því ekki við unað. Ríkisversluninni dettur auðvitað ekki í hug að bregðast við samkeppninni með hefðbundnum hætti svo sem eins og að lækka verð, bæta þjónustu eða auka úrval. Reyndar hefur stofnunin sagt að hún skipti sér ekki af verðum, það sé ákveðið af heilðsölum,“ segir Arnar.

Sala Santewines frá því að fyrirtækið hóf að afhenda áfengi beint af lager fyrir tveimur mánuðum síðan hleypur á hundruðum milljóna króna að sögn Arnars. Hann á þó ekki von á því að fyrirtækið sitt, eitt og sér, höggvi stórt skarð í afkomu ÁTVR. Vöruúrval Sante er byggt á gæðavinum, einkum frá Frakklandi, og bjórinn er ekki seldur í kippum heldur brettum.

„Það má segja að vínbransinn sé tvískiptur. Annars vegar ertu með gæðavinum, einkum frá Frakklandi, og bjórinn er ekki seldur í kippum heldur brettum. „Það má segja að vínbransinn sé tvískiptur. Annars vegar ertu með gæðavinum, einkum frá Frakklandi, og bjórinn er ekki seldur í kippum heldur brettum.“



Ég hef fulla trú á því að þetta framtak opni augu manna fyrir því að það er komið að endalokum núverandi fyrirkomulags á smásölu áfengis þar sem ríkið hefur allt í hendi sér.



Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu.



Enn óvist hvort áfengið skili ÁTVR hagnaði

Rekstrartekjur ÁTVR námu um 45 milljörðum króna á árinu 2020 og jukust um ríflega 21 prósent á milli ára. Rekja mátti tæplega 35 milljarða til sölu áfengis og rúmlega 10 milljarða til sölu tóbaks.

Hagnaður ÁTVR var 1,8 milljarðar króna sem eru töluvert meiri hagnaður en ríkisfyrirtækið hefur skilað á síðustu árum.

ÁTVR hefur reglulega verið gagnrýnt fyrir að sundurliða ekki nánar kostnað vegna tóbakssölu annars vegar og áfengissölu hins vegar. Sundurliðunin nær einungis til vörunotkunar.

Þrátt fyrir takmarkaðar upplýsingar um skiptingu

kostnaðar hafa verið visbendingar um að tóbaks-sala ÁTVR hafi staðið undir töluverðu tapi af áfengishlutunum. Starfsemin sem snýr að dreifingu tóbaks í heilðsölu er lítil í sniðum í samanburði við rekstur á tugum áfengisverslana um allt land.

Um mitt síðasta ár greindi Fréttablaðið frá því að Ríkisendurskoðun hefði óskað eftir því við forsvarsmenn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins að kostnaður við rekstur fyrirtækisins yrði sundurliðaður eftir kostnaði vegna sölu á áfengi annars vegar og tóbaki hins vegar. Hins vegar ber ársreikningur ÁTVR fyrir síðasta ár ekki merki þess.

keppa á þeim markaði,“ segir Arnar. Á endanum munu þó innlendir netverslanir hafa veruleg áhrif á rekstur ÁTVR.

„Þetta er eins og þegar ákveðið var að leyfa matvörukaupmönnum að selja mjólk. Þá lá fyrir að enginn grundvöllur var fyrir sérstökum mjólkurverslunum á vegum ríkisins. Þeim var bara lokað,“ segir Arnar.

Áfengissala ÁTVR í júní nam um 2.365 þúsundum lítra í samanburði við 2.400 þúsundir lítra árið 2020 sem er um 1,5 prósentu minnkun í sölu.

Í svari ÁTVR við fyrirspurn Markaðarins segir ríkisfyrirtækið að einkaréttur þess til að selja og afhenda áfengi í smásölu hérlendis sé ótvíræður.

„ÁTVR hefur sent tolla- og skatt-yfirvöldum ábendingar um starfsemina og jafnframt kært hana til lögreglu. Frekari viðbrögð eru vel hugsanleg, enda hefur ÁTVR lýst þeirri eindregnu afstöðu sinni að starfsemi vefverslananna standist ekki lög og æskilegt væri að fá staðfestingu dómstóla á því,“ segir í svari ÁTVR.

„Það er að mati ÁTVR ótímabært að velta fyrir sér mögulegum afdrifum og afleiðingum hugsanlegra lögbannsbeiðna.“

„Hrópandi mismunun“

Samtök verslunar og þjónustu hafa um langt skeið talað fyrir afnámi einkaleyfis hins opinbera á smásölu áfengis.

„Við teljum eðlilegast að ganga alla leið þannig að hægt sé að kaupa bjór og léttvín í búðum,“ segir Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri samtakanna. „En það sem er aðkallandi í dag er að taka á þessari hrópanni mismunun sem er í gangi þegar kemur að netverslun með áfengi.“

Andrés vísar til þess að íslenskir neytendur geta keypt áfengi af erlendum netverslunum og fengið það sent til landsins en innlendum netverslunum er ekki heimilt að bjóða upp á slíka þjónustu. „Það er mismunun sem er algjörlega óásættanleg fyrir okkur sem berjumst fyrir frelsi í viðskiptum og jafnræði aðila á markaði.“

„Ég hef fulla trú á því að þetta framtak opni augu manna fyrir því að það er komið að endalokum núverandi fyrirkomulags á smásölu áfengis þar sem ríkið hefur allt í hendi sér. Að sú stund sé runnin upp og ekki verði stigið til baka,“ segir Andrés.

„Neytendur hafa nú fengið smjörþefinn af meira frjálshæði í smásölu áfengis og ég held að þeir myndu bregðast harkalega við ef stjórnvöld tækju upp á því að banna þessa starfsemi eftir kosningar.“

Þá segir Andrés eftirtektarvert hvernig hagsmunahafar hafi brugðist við framtaki Sante. „Félag atvinnurekenda, sem eru hagsmunasamtök fyrir áfengisinnflytjendur, þegja þunnu hljóði um þessi mál. En þeir hrópa hins vegar á torgum þegar kemur að samkeppnishindrunum á öðrum sviðum, eins og í landbúnaði og pósthjónustu. Þar fara hljóð og mynd ekki saman.“

ÁTVR óvísst hvernig bregðast eigi við

Biða stór smásöluþyriræki á hliðarlínunni?

„Það má gefa sér að fleiri fyrirtæki komi inn á þennan markað. Ég held að flestir hafi á tilfinningunni að ÁTVR sé óvísst um hvernig það eigi að bregðast við. Fyrstu viðbrögðin voru að fara í hart og krefjast lögbanns á starfsemi Sante. Það hefur ekki gengið eftir. Það hafa ekki verið neinar aðgerðir af hálfu sýslumanns eða lögreglunnar sem vítað er um. Eftir því sem tíminn líður þeim mun meira styrkjast menn í trú um að ekki verði til baka snúið,“ segir Andrés.

Hvaða þýðingu hefur það fyrir ÁTVR ef starfsemi Sante getur haldið áfram í óbreyttri mynd og fleiri fyrirtæki koma inn á markaðinn?

„Það mun þýða einfaldlega að ÁTVR mun loksins þurfa að laga sig að breyttu samkeppnisumhverfi eins og önnur fyrirtæki þurfa að gera,“ segir Andrés.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra mælti fyrir frumvarpi um breytingar á áfengislögum, svokallað brugghúsafrumvarp, fyrr á þessu ári en samkvæmt því hefði smærri brugghúsum verið



Ríkisversluninni dettur auðvitað ekki í hug að bregðast við samkeppninni með hefðbundnum hætti svo sem eins og að lækka verð, bæta þjónustu eða auka úrval.



Arnar Sigurðsson, eigandi Santewines.

heimilað að selja öl í smásölu á framleiðslustað þess. Frumvarpið dagaði uppi í meðförum Alþingis. Aður hafði dómsmálaráðherra mælt fyrir sambærilegu frumvarpi sem einnig liðkaði fyrir netsölu áfengis en það hlaut ekki afgreiðslu ríkisstjórnar.

ÁTVR gagnrýnir brugghúsafrumvarpið harðlega í 25 blaðsíðna umsögn. „Þrátt fyrir að fyrirbyggjandi frumvarp láti ef til vill lítið yfir sér við fyrstu sýn yrði höggvið stórt skarð í rótgróna einkasölu íslenska ríkisins á áfengi með því að heimila hér hagnaðardrifna smásölu áfengra drykkja. Með þeirri undanþágu sem frumvarpið gerir ráð fyrir myndu forsendur fyrir rekstri ÁTVR að öllum líkindum bresta.“ ■

Skotsilfur



Tímamót



Herdís Fjeldsted,

forstjóri Valitors.

Íslensk kortaþjónusta er á tímamótum. Á innan við tveimur

árum hafa öll þrjú kortafyrirtækin – Valitor, Borgun og Korta – verið seld fyrir hátt í tuttugu milljarða og í öllum tilvikum var eignarhaldið fært frá innendum eigendum til erlendra. Forsvarsmenn Rapyd, sem tók yfir Korta, segjast ætla að gera Ísland að miðstöð greiðslumiðlunar hjá alþjóðlegu samstæðunni og gera fyrirtækið að einum „stærsta alþjóðlega vinnuveitanda landsins“. Vonandi ganga áformin eftir en tilefni er til að stilla væntingum í höf í ljósi þessi hvernig Salt, áður Borgun, hefur hagað starfsemi sinni hér á landi. Forsvarsmenn Salts voru fullyrðingaglaðir eftir kaupin í fyrra, en nú virðist sem umsvifin fari minnkandi og starfsmönnum fækkandi. ■

Rörsýni eftirlitsins



Páll Gunnar Pálsson,

forstjóri Samkeppnis-eftirlitsins.

Samkeppnis-eftirlitið á það til

að glíma við rörsýni. Í nýttkominni markaðsgreiningu þess kom fram að það horfi einungis á samkeppnina um sölu íslenskra hljóðbóka, en að starfsmennirnir kæri sig kollótta um erlenda samkeppni. Þess vegna hafði Storytel 95-100 prósentu markaðshlutdeild 2019. Þessi þröngsýni hefur afleiðingar, en Storytel hætti við kaupin á Forlaginu í kjölfar frummats eftirlitsins á samkeppnisáhrifum. Íslenskar hljóðbækur eiga í harðri samkeppni við hljóðbækur á erlendri tungu og raunar annað skemmtiefni eins og hlaðvörp. Ef til vill hefðu höfundar Forlagsins og unndendur íslensks máls notið góðs af fjárhagslegum styrk Storytel-samsteypunnar í samkeppninni. ■

84 milljarða sveifla



Dagur B. Eggertsson,

borgarstjóri.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur,

benti á það á Twitter-síðu sinni í vikunni að Sjálfstæðismenn ættu frekar að hafa áhyggjur af afkomu ríkissjóðs en borgarsjóðs, enda væri fyrrnefndi sjóðurinn verr staddur og verið rekinn með 42 milljarða halla 2019. Svona fyrir utan að ríkis- og borgarsjóðir eru í grundvallaratriðum ólíkir hlutir – meðal annars með tilliti til tekjuöflunarmöguleika – þá stókk fjármálaráðherra til og benti á að afgangur hefði verið á rekstri ríkissjóðs 2019 eða alls 42 milljarðar. Dagur þakkaði leiðréttinguna og vísaði í ranga umfjöllun hagdeildar Landsbankans sem skýringu á misskilningnum. Næsta mál. ■

Fyrsta lystisnekkjan í ár mætt til Lundúna




Lystisnekkjan Triple Seven, sem er í eigu rússneska auðkífingsins Alexander Abramov, sigldi niður ána Thames í Lundúnum í byrjun vikunnar. Þetta er í fyrsta skipti sem lúxussnekkja heimsækir borgina í ár, en miklar samkomutakmarkanir hafa verið í Bretlandi vegna Covid-19. Báturinn var boðinn til sölu í fyrra á 38 milljónir evra, jafnvirði 5,6 milljarða króna. Roman Abramovich, eigandi breska knattspyrnuliðsins Chelsea, er viðskiptafélagi Abramovs. **FRÉTABLAÐIÐ/EP**

Má bjóða þér lægri húsnæðiskostnað?

Byggingarkostnaður íbúðarhúsnæðis

Byggingarkostnaður 2019; Verðvísitala (ESB-28=100)



Anna Hrefna Ingimundardóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka at-vinnulífsins.

Skörp hækkun hefur mælst á fasteignaverði að undanfögnu. Ein augljós skýring þess er vaxtalækkunir Seðlabankans sem var ætlað að auðvelda heimilum og fyrirtækjum fjármögnun til neyslu og fjárfestingar í einum dýpsta samdrætti sögunnar. Þá hafa umtalsverðar launahækkunir raungerst á sama tíma sem hefur aukid á eftirspurnarþrýstinginn. Íbúðum í byggingu hefur hins vegar farið fækkandi. Allt hefur þetta leitt til þess að árstaktur verðhækkana á höfuðborgarsvæðinu mælist nú um 10% að raunvirði.

Hlutfall fyrstu kaupenda aldrei reynst herra

Þó að fasteignaverð hafi hækkað að undanfögnu er ekki þar með sagt að heimilum reynist almennt erfiðara að kaupa húsnæði en áður, enda hefur hlutfall fyrstu kaupenda á markaði aldrei verið herra. Vísitala húsnæðiskostnaðar, sem tekur tillit til markaðsverðs íbúðarhúsnæðis, launa og vaxtastigs, gefur raunar til kynna að nokkuð auðveldara sé að festa kaup á fasteign nú en í hækkuunarfásanum sem átti sér stað fyrir 3-5 árum. Þá mældist árstaktur raunverðshækkana á bilinu 10-25% þó vaxtastig hafi verið töluvert herra. Fasteignaverð hækkaði verulega umfram laun og ljóst mátti vera að mikill skortur hafði myndast á markaðinum eftir margra ára tímabil frosts í íbúðafjárfestingu. Síðan þá hefur framboð íbúða aukist umtalsvert en nú hafa myndast vísendingar um framboðsskort á ný. Eignir staldra stutt við á söluskrá.

Samdráttur mælist í fjölda íbúða í byggingu samkvæmt nýjustu talningu Samtaka iðnaðarins og ekki hafa verið færri íbúðir í byggingu á höfuðborgarsvæðinu í fjögur ár.

Aðgerðir yfirvalda beinast að eftirspurnarhlíð

Þó að aðstæður til fasteignakaupa hafi um margt verið góðar að undanfögnu, eins og mikil velta ber vitni um, er tilefni til að staldra við. Vaxtastig er sögulega lágt og sú hætt er fyrir hendi að nýtt vaxtahækkunarferli, sem þegar gæti verið hafið, þyngi greiðslubyrði skuldsettra fasteignaeigenda og skapi þeim vandræði þegar fram í sækir. Einnig er hætt á því að einhverjir fari að veðja á áframhaldandi íbúðaverðshækkunir og freistist til að skuldsetja sig um of, sem yfir undir bólu myndum. Það er ekki síst þess vegna sem Seðlabankinn ákvað nú á dögunum að lækka hámark veðsetningarhlutfalls fasteignalána til neytenda úr 85% í 80%, að undanskildum fyrstu kaupendum sem munu áfram geta fengið lán fyrir allt að 90% af markaðsverði fasteignar.

Aðgerðir yfirvalda til að hafa áhrif á fasteignamarkað beinast yfirleitt að eftirspurnarhlíðinni

enda er það fljótverkari leið til að hafa áhrif á markaðinn heldur en aðgerðir sem beinast að framboðshlíð. Ekki má hins vegar vanmeta þau áhrif sem stjórnvöld, ríki og sveitarfélög, geta haft á framboðshlíðina.

Byggingarkostnaður óþarflega há

Byggingarkostnaður íbúðarhúsnæðis er einn sá mesti í Evrópu og nær helmingi meiri en að meðaltali í Evrópusambandslöndum. Margvíslegar skýringar liggja þar að baki. Samkvæmt nýlegri úttekt OECD voru gerðar 316 tillögur til úrbóta á lagaumgjörð fyrir íslenska byggingariðnaðinn. Má þar nefna tillögur til: einföldunar á leyfisveitingum, skilvirkara ferlis við breytingar á skipulagsákvörðunum sveitarfélaga, breytinga á byggingarreglugerð sem eykur svigrúm hönnuða til að leita skapandi lausna og breytinga á lögum um löggiltar starfsgreinar. Ísland er í 72. sæti af 185 þegar kemur að skilvirkni við öflun byggingaleyfa samkvæmt Alþjóðabankanum. Af þessum niðurstöðum má vera ljóst að fjölmargar hindranir eru í vegi framkvæmdaáðila í byggingarið-

aði sem teyja framkvæmdaferlið og auka byggingarkostnað. Hér geta yfirvöld gert betur.

Fleiri þætti má nefna. Stefna sveitarfélaga varðandi framboð og úthlutanir lóða þarf að liggja ljós fyrir. Aukin rafræn þjónusta þegar kemur að hvers kyns gagnaskilum til skipulagsyfirlvalda er augljós og tímabær umbót sem gæti hraðað framkvæmdaferlinu verulega og minnkað kostnað. Að auki má nefna að skortur hefur verið á rauntímagögnum um byggingu íbúðarhúsnæðis svo hægt sé að meta betur húsnæðisþörf hverju sinni og bregðast tímanlega við markaðsaðstæðum. Því ber að fagna fyrirætlanum stjórnvalda um nýja mannvirkjaskrá sem ætlað er að veita áreiðanlegar rauntímaupplýsingar um mannvirkjagerð og stöðu á húsnæðismarkaði.

Skilvirkir framkvæmdaferli varðar almannahagsmuni

Það er áhyggjuefni að íbúðafjárfesting sé að dragast saman á ný á meðan íbúðaverð hækkar ört. Vaxtalækkunir Seðlabankans voru rökrétt og eðlilegt skref í efnahagssamdrætti þótt þær hafi haft fyrrisjáanleg áhrif til hækunar eignaverðs. Til að gera umbætur sem lækka byggingarkostnað þurfa yfirvöld hins vegar að bregðast við þeim ábendingum sem itrekað hafa komið fram á undanfögnu árum, nú síðast frá OECD.

Sú umgjörð sem yfirvöld hafa mótað fyrir byggingariðnaðinn er óskilvirk, tímafrek og kostnaðarsöm. Allar hindranir sem hamla því að framkvæmdaáðilar geti brugðist tímanlega og haganlega við markaðsaðstæðum magna sveiflur, ýta undir óstöðugleika og auka þannig íbúðakostnað sem getur svo valdið ólgu á vinnumarkaði. Fasteignaverð hér á landi er herra en það þyrfti að vera. Úr því má bæta ef viljinn er fyrir hendi. ■

Hækkandi arðsemi uppsjávarfyrirtækjanna

Á síðastliðnum árum hefur verð uppsjávarafurða hækkad langt umfram bolfisktegundir. Stöðug veiði, aukin eftirspurn og breytt vinnsla hefur stuðlað að þróuninni.

thg@frettabladid.is

Hratt hækkandi verð á uppsjávartegundum undanfarin ár hefur gert það að verkum að arðsemi uppsjávarveiða á Íslandi er orðin umtalsvert meiri en vegna botnfiskveiða. Á síðastliðnum 15 árum hefur verðvísitala botnfisks hækkad um 134 prósent, en á sama tíma hefur verðvísitala uppsjávartegunda hækkad umtalsvert meira eða um 263 prósent.

Þrátt fyrir að þorskur sé mikilvægasta, einstaka sjávarafurð íslenska þjóðarþúsins með tilliti til útflutningsverðmætis, þá eru það uppsjávarveiðarnar sem skila mestum ábata um þessar mundir, af ýmsum ástæðum.

Rekstrarkennitölur íslenskra útgerðarfyrirtækja sem halda á aflaheimildum í uppsjávarvegundum eru betri, eftir því sem hlutfall uppsjávarhluta starfseminnar er herra, að því er sjá má í samantekt Markaðarins. Rekstrarhagnaður fyrir skatta og fjármagnsliði (EBIT) sem hlutfall af rekstrartekjum er tæplega 40 prósent hjá Eskju, en Eskja stundar eingöngu uppsjávarveiðar. Sama er uppi á teningnum sé litid til afkomu uppsjávarsviðs Brims, en félagið birtir upplýsingar um afkomu starfsþátta sinna í ársuppgjörom sínum.

Huginn í Vestmannaeyjum, sem hefur nú að fullu komist í eigu Vinnslustöðvarinnar, gerir eingöngu út á uppsjávarvegundir. Hlutfall EBIT-hagnaðar af rekstrartekjum Hugins 2020 er öllu lægra en Eskju og uppsjávarsviðs Brims, en það skýrist af því að félagið rekur ekki landvinnslu og greiðir öðrum fyrirtækjum fyrir frystingu og vinnslu afurða í landi. Hingað til hafa áður nefnd fyrirtæki Eskja og Vinnslustöðin tekið það verkefni að sér fyrir Hugin.

EBIT-hagnaður sem hlutfall af rekstrartekjum Ísfélagsins í Vestmannaeyjum heggur nærri Eskju og uppsjávarsviði Brims, en fyrirtækið er umsvifamikilið í uppsjávarveiðum.

Bæði Loðnuvinnslan á Fáskrúðsfirði og Síldarvinnslan hafa verið



Fyrsta loðnuvertiðin í þrjú ár náðist í janúar og þótti afar vel heppnuð.

að auka hlutfall bolfisks í veiðum á undanföllum árum. Það felur í sér ákveðna áhættudreifingu, en bolfiskveiðar eru kostnaðarsamari, sem hefur haft þær afleiðingar að EBIT-hagnaður beggja félaga sem hlutfall af rekstrartekjum hefur lækkað litillega á síðustu árum.

Almennt séð versnaði afkoma flestra uppsjávarfyrirtækja örlítið á árinu 2020 miðað við árið 2019. Má einkum rekja það til lægra verðs á makríl, en tímasetning vertiðar og sölutímabils makrílsins hittist illa á við heimsfaraldurinn sem hóf aftur að geisa á meginlandinu síðasta haust eftir svikalogn sumarsins. Uppsjávarsvið Brims er þó undanskilið, en félagið gerir upp í evru, sem hefur styrkt nokkuð miðað við Bandaríkjadali sem skilar sér í hærri EBIT-framlegð mælt í krónum.

Veiðar, vinnsla og eldi

Skýringar á ört hækkandi verði uppsjávarafurða eru ýmsar. Fyrst ber að nefna stöðuga eða minnkandi veiði síðastliðin 15 til 20 ár, allt eftir því hvaða fiskistofn er um að ræða. Eftirspurn eykst ár frá ári og á meðan framboðið fylgir ekki, þá stefnir verðið aðeins í eina átt. Eins má nefna að vinnsla uppsjávartegunda til manneldis fremur en bræðslu hefur aukist töluvert, en slík vara selst á herra verði en ella.

En þrátt fyrir að vinnsla til manneldis hafi aukist, er alltaf hluti landaðs afla sem endar í bræðslu. Verð á fiskimjöli og lýsi hefur þrefaldast á undanföllum 15 árum.


Er það meðal annars vegna mikillar aukningar í laxeldi, en hækkandi verð á eldislaxi hefur dregið fiskimjölið upp með sér á undanföllum árum. Ekki eru mörg ár síðan íslenskar útgerðir voru að berjast við að heilfrysta kolmunna á sjó og selja fyrir 500 til 600 Bandaríkjadali á tonnið. Verð á fiskimjöli hefur hins vegar hækkad úr 1300 Bandaríkjadöllum á tonnið fyrir um sex til sjö árum og langt yfir 2000 Bandaríkjadali, svo að það er ekki að sökum að spyrja hvar kolmunni endar um þessar mundir – beint í bræðslunni.

Dýraeldi hefur einnig aukist hratt á undanföllum árum, en þar spilar fiskimjöl og -lýsi mikilvægt hlutverk. Í Kína voru yfir 400 milljónir svína alin til manneldis á síðasta ári og talið er að sú tala muni hækka um tæp 20 prósent á þessu ári. Svínafóður þarf að innihalda ákveðið hlutfall lýsis, en ekki er von á því að framboð lýsis muni aukast mjög á þessu ári.

Áhættusamari rekstur

Jafnan er venjan sú að gerð er hærri ávöxtunarkrafa þegar rekstrar-

Verðvísitölur sjávarafurða 2006-2020 (2005=100)



Afkoma fyrirtækja í uppsjávarveiðum 2020 (tölur í milljörðum króna)

	Rekstrartekjur	EBIT	EBIT / Tekjur	Launakostnaður	Launahlutfall
Síldarvinnslan	21,11	5,65	27%	4,44	21%
Vinnslustöðin	10,00	1,94	19%	3,24	32%
Loðnuvinnslan	9,14	2,46	27%	2,48	27%
Ísfélag	10,98	3,82	35%	3,33	30%
Vestmannaeyja					
Skinney-Pinganes	11,00	2,94	27%	4,00	37%
Eskja	8,21	3,27	40%	1,74	21%
Huginn	2,88	0,86	30%	0,55	19%
Brim	9,52	3,72	39%		

(uppsjávarsvið)

Afkoma fyrirtækja í uppsjávarveiðum 2019 (tölur í milljörðum króna)

	Rekstrartekjur	Rekstrarhagnaður (EBIT)	EBIT / Rekstrartekjur	Launakostnaður	Launahlutfall
Síldarvinnslan	19,50	5,51	28,3%	4,03	20,7%
Vinnslustöðin	9,47	2,19	23,1%	3,02	31,9%
Loðnuvinnslan	10,00	2,42	23,1%	2,38	22,8%
Ísfélag	9,52	2,43	25,5%	2,99	31,4%
Vestmannaeyja					
Skinney-Pinganes	10,00	3,00	30,2%	3,68	36,5%
Eskja	7,42	3,10	41,3%	1,98	26,6%
Huginn	2,92	0,95	32,4%	0,51	17,4%
Brim	10,42	3,28	31,5%		

(uppsjávarsvið)

Notað er meðalgengi evru og Bandaríkjadals á árinu 2019 og 2020 við umreikning í íslenskar krónur.

Ekki liggja fyrir aðgreindar upplýsingar um launakostnað uppsjávarsviðs Brims.

Allar tölur í íslenskum krónum.

áhætta eykst. Óhætt er að segja að uppsjávarveiðar séu áhættusamari en botnfiskveiðar. Þekktasta dæmið um hvarf fiskistofns er þegar síldin hvarf árið 1968, með miklum afleiðingum fyrir fólk og fyrirtæki sem treystu á veiðarnar. Líkast til má rekja hvarfsíldarinnar til ofveiði, en óhætt er að halda því fram að magnstýring fiskveiða við Íslandsstrendur sé ábyrgari nú en þá. Nýlegra dæmi er hvarf loðnunnar, sem veiddist í janúar á þessu ári í fyrsta sinn í þrjú ár. Íslensku uppsjávarfyrirtækin eiga

það hins vegar flest sameiginlegt að eiga aflahlutdeild í fleiri en tveimur uppsjávarstofnum, sem felur í sér ákveðna áhættudreifingu. Því litlar líkur eru á því að fleiri en einn stofn láti sig hverfa af miðunum án haldþærra skýringa, eins og í nýlegu tilfelli loðnunnar.

Ef marka má nýlegar mælingar Hafrannsóknastofnunar á loðnustofninum við Ísland, má vænta stórrar loðnuvertiðar eftir komandi áramót. Útlitid er því líklegast áfram bjart fyrir íslensk uppsjávarfyrirtæki. ■

Stapi og Festa keypt fyrir 3 milljarða í Síldarvinnslunni eftir skráningu

hordur@frettabladid.is

Lífeyrissjóðirnir Stapi og Festa hafa keypt í Síldarvinnslunni fyrir samanlagt nærri þrjú milljarða króna eftir að útgerðarfélagið var skráð á markað í lok maímánaðar. Eftir kaupin eru sjóðirnir báðir á meðal tíu stærstu hluthafa Síldarvinnslunnar.

Stapi, sem fékk úthlutað sem jafngilti 0,5 prósentu hlut í hluta-fjárútboði Síldarvinnslunnar, hefur þannig meira en þrefaldað eignarhlut sinn í félaginu og átti í lok júnímánaðar 1,62 prósentu hlut, samkvæmt nýjum lista yfir tuttugu stærstu hluthafa fyrirtækisins. Markaðsvirði þess hlutar er í dag um 1.765 milljónir króna.

Lífeyrissjóðurinn Festa, sem fékk ekkert úthlutað í hlutafjárútboði Síldarvinnslunnar, hefur á sama tíma keypt í félaginu fyrir jafnvirði meira en 1.500 milljóna króna frá því að það fór á markað. Sjóðurinn

17%

Samanlagður eignarhlutur íslensku lífeyrissjóðanna í Síldarvinnslunni nemur um 17 prósentum.

fer núna með 1,44 prósentu eignarhlut og er niundi stærsti hluthafi Síldarvinnslunnar.

Eignarhaldsfélagið Kjálkanes, sem seldi um 15 prósentu hlut í Síldarvinnslunni fyrir meira en 15 milljarða króna í útbodinu, minnkadi sem kunnugt er enn frekar við hlut sinn í félaginu eftir skráningu með því að selja fyrir um tvo milljarða. Kjálkanes er eftir sem áður annar stærsti hluthafi félagsins með 17,4 prósentu hlut.

Lífeyrissjóður verslunarmanna og Gildi, sem keypti 10 prósentu hlut í útbodinu, hafa sömuleiðis bætt nokkuð við hlut sinn í Síldarvinnslunni í liðnum mánuði. Samanlagður eignarhlutur íslenskra lífeyrissjóða í útgerðarfyrirtækinu nemur í dag um 17 prósentum.

Hlutabréfaverð Síldarvinnslunnar stendur í 63,5 krónum á hlut og er um 6 prósentum herra en gengið í hlutafjárútboðinu. Markaðsvirði félagsins er um 108 milljarðar. ■

Hagnaður Brimgarða 5,3 milljarðar í fyrra

helgivifill@frettabladid.is

Fjárfestingafélagið Brimgarðar, sem meðal annars er stærsti hluthafi fasteignafélagsins Eikar, hagnaðist um 5,3 milljarða 2020 samanborið við 2,6 milljarða hagnað árið áður. Hagnaðinn má að miklu leyti rekja til matsbreytingar á fjárfestingareignum en hún nam 4,9 milljörðum.

Brimgarðar eru í eigu systkinanna Eggerts Árna, Guðnýjar Eddu, Gunnars Þórs og Halldórs Páls Gíslabarna. Þau eiga jafnframt matvæla-fyrirtækin Mötú, Matfugl og Síld og fisk. Fjölskyldan keypti leigufélagið Ölmú á ellefu milljarða í ár fyrir tilstilli Langasjós sem á Brimgarða og fyrrnefnd félög. Í kjölfarið keypti Alma allt hlutafé Brimgarða.

Eigið fé Brimgarða jókst um 6,1 milljarð króna á milli ára og nam tíu milljörðum króna við árslok 2020. Hlutaféð var aukid um 800 milljónir króna á árinu 2020. Arðsemi eigin fjár var 137 prósent en eiginfjárlut-

fallið var 57 prósent við árslok 2020.

Eignir félagsins jukust úr 13 milljörðum króna árið 2019 í 17,6 milljarða árið 2020. Fasteignir og fjárfestingareignir voru bókfærðar á 10,7 milljarða króna en þær voru metnar á 5,5 milljarða samkvæmt fasteignamati í árslok 2020. Á meðal fasteigna má nefna Grandagarð 8, þar sem tölvuleikjafyrirtækið CCP var áður til húsa, og Sundagarða.

Brimgarðar áttu skráð hlutabréf fyrir 5,9 milljarða við árslok 2020. Félagið átti fyrir um fjóra milljarða í Eik og 1,2 milljarða í Reitum. Félagið er janframt með stórar stöður í framvirkum samningum; eignir í hlutabréfaafleiðum námu sjö milljörðum króna árið 2020 og þegar skuldir eru dregnar frá nam eignastaða þeirra 530 milljónum króna við árslok. Stór hluti af skráðum hlutabréfum í eigu Brimgarða er veðsettur, fjármálastofnunum til tryggingar á framvirkum samningum. ■

Skoðun

Þorsteinn
Friðrik
HalldórssonHundrað ára
einokun

Það eru skýr skil á milli íhaldssemi annars vegar og afturhaldssemi hins vegar. Íhaldsmaður leitast við að varðveita það sem reynst hefur samfélagi hans vel og geldur varhug við því að fara geyst í breytingar að illa ígrunduðu máli. Oft er það þannig að það sem glatast er ekki afturkræft. Hinn afturhaldssami er tortrygginn gagnvart hvers konar breytingum vegna þess að hann óttast hið óþekkta. Hann hefði brugðist ókvæða við þegar einokun ríkisins á mjólkursölu var lögð af. Þessum greinarmun þarf að halda til haga í umræðu um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Það er einfaldlega fátt við ÁTVR sem vert er varðveita og engan þarf að undra þegar um ræðir ríkisfyrirtæki sem hefur verið í einokunarstöðu í hartnær hundrað ár. ÁTVR er ríki í ríkinu sem hefur þann helsta tilgang að standa vörð um tilvist sína. Eða hvað annað getur skýrt tregðu ÁTVR til að aðgreina kostnað vegna áfengissölu annars vegar og tóbakssölu hins vegar? Ítrekað hefur verið bent á að svo virðist sem hagnaður af tóbakssölu niðurgreiði tapið af áfengissölu.

Öllum er ljóst, jafnvel stjórnendum ÁTVR, sem fullyrtu að forsendur fyrir rekstri fyrirtækisins myndu að „öllum líkindum breyta“ ef brugghúsfurvarpið svokallaða yrði samþykkt, að fjöldi neytenda myndi leita annað ef þeir hefðu val. Lítið er að marka hátt skor í ánægjukönnunum þegar valfrelsi neytenda er talið forsendubrestur.

Sala Santewines frá því að fyrirtækið hóf að afhenda áfengi beint af lager fyrir tveimur mánuðum síðan hefur hlaupið á hundruðum milljóna króna. Eins og eigandi Sante benti á í samtali við Markaðinn datt einokunarfyrirtækinu ekki í hug að bregðast við samkeppni með hefðbundnum hætti, til dæmis að lækka verð, bæta þjónustu eða auka úrval. Valdboði skal beitt til þess að ryðja keppinautum úr vegi.

En neytendur hafa fengið smjörþefinn af frjálsri verslun með áfengi og þá verður ekki aftur snúið. ■

LSR bætir við sig í Símanum fyrir 1.300 milljónir

hordur@frettabladid.is

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) jók verulega við eignarhlut sinn í Símanum í júní með kaupum á 128,2 milljónum hluta að nafnvirði, eða sem jafngildir um 1,7 prósentu hlut. Áætla má að LSR hafi því keypt fyrir samtals liðlega 1.300 milljónir króna, sé lítið til þróunar á gengi bréfa félagsins í liðnum mánuði, en sjóðurinn er nú orðinn næst stærsti hluthafinn með 11,9 prósentu eignarhlut, samkvæmt nýjum lista yfir 20 stærstu eigendur.

Á sama tíma minnkuðu Gildi og Lífeyrissjóður verslunarmanna (LIVE) við sig í félaginu með því að selja samanlagt um 2,8 prósentu eignarhlut fyrir á þriðja milljarð. Auk LSR bættu Brú lífeyrissjóður og Akta stókkur við sig í Símanum í liðnum mánuði.

Stærsti hluthafi Símans eru Stodir með rúmlega 15 prósentu hlut. Hlutaþrífaverð félagsins hefur hækkað um 39 prósent frá áramótum. Í lok apríl greindi Síminn frá því að ráðnir hefðu verið innlendir og erlendir ráðgjafar til að kanna meðal annars mögulega sölu á Milu, dótturfélagi Símans. ■



Það heyrðist ekkert frá Húsi atvinnulífsins nema eitt-hvert tuð um að Seðlabankinn hefði allt í einu fengið heimild til að setja á fjármagnshöft.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Brandenburg | s/a

FRÉTTABLAÐID

35% LANDSMANNA*
FÁ SÉR REGLULEGA SKYNDIBITA

49% LESA**
FRÉTTABLAÐID

ERT ÞÚ AÐ NÁ TIL RÉTTA FÓLKSINS?

Með því að auglýsa í Fréttablaðinu og á frettabladid.is nærðu til rétta fólksins.

FRÉTTABLAÐID

* Skv. Neyslukönnun Gallup. ** Íbúar á höfuðborgarsvæðinu á aldrinum 35–65 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali, skv. prentmælingum Gallup.

Sterkari saman
í sátt við umhverfið

UNIVERSITETI

LITRÓF

GuðjónÓ

Prentækni

Vatnagördum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000